

**Ed.**

## **210. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

### **1. gr.**

Aftan við g-lið í 1. málsg. 10. gr. laganna bætist:

- h. Fé, sem gefið er til líknarstarfsemi og menningarmála, allt að 10% af nettótekjum skattgreiðanda, þó ekki hærri fjárhæð en kr. 10000.00. Fjármálaráðherra setur reglur um það, hvað skuli teljast gjafir til líknarstarfsemi og menningarmála.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:**

Það virðist sanngjarnt og eðlilegt, að skattgreiðendur megi ráðstafa nokkru af tekjum sínum til líknar- og menningarmála, án þess að þeim séu reiknaðar þær fjárhæðir til skatts. Nú er það svo, að hver sú fjárhæð, sem í þessu skyni er gefin, telst til skattskyldra tekna. Af þessum ástæðum láta margir minna af hendi rakna en ella mundi, og opinberar líknar- og menningarstofnanir fara því á mis við margar gjafir vegna þess, að menn verða að telja þær til skattskyldra tekna. En slík framlög einstaklinga eða félaga til viðurkenndrar starfsemi eða stofnana mega teljast í þágu hins opinbera og því ekki eðlilegt, að unnið sé óbeinlínis á móti gjöfunum með ákvæðum skattalaganna.

Hins vegar verður að sjálfsgöðu að takmarka það, hversu miklu af tekjum sínum skattgreiðendur megi verja á þennan hátt.

Enn fremur verður að setja reglur um það, hvaða starfsemi eða stofnanir komi til greina í því skyni, er að ofan greinir.

Slík undanþága, sem hér um ræðir, er í skattalögum flestra menningarlanda.